

**REGLUGERÐ**

42

15. jan.

fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 11. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 122 27. des. 1935, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands, til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

## 1. gr.

Tilgangur veðdeildarinnar er að veita lán um langt árabíl gegn veði í fasteignum.

## 2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, sem hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), sem má nafnskrá í bókum hennar, og verða þau kölluð 11. flokkur (sería) bankavaxtabréfa hennar. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr 6 milljónum króna. Upphæð bankavaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum, og skulu bréfin samin eftir fyrirmynd, er bankastjórnin ákveður. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans rita undir þau. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglugerð þessari að minnsta kosti á íslenzku og dönsku. Upphæðir þeirra skulu vera 5000, 1000, 500 og 100 kr., og skal hver flokkur hafa sérstakt bókstafseinkenni, og hvert vaxtabréf vera tölusett. Telja má upphæðir bankavaxtabréfanna einnig í útlendri mynt samhliða íslenzku krónumyntinni. Ásamt bankavaxtabréfunum skal afhenda stofna (talons) með vaxtamiðum til 20 ára að minnsta kosti, og þegar hinn síðasti þeirra er fallinn í gjalddaga og innleystur, skal gefa út nýjan stofn með vaxtamiðum jafnframt og hinum eldra stofni er skilað aftur.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum, en sem nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildarflokkurinn á í veðskuldabréfum.

## 3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum, skal trygging fyrir honum vera:

- 1) Varasjóður veðdeildarflokksins.
- 2) Sameiginleg (solidarísk) ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10% (sbr. 9. gr.).
- 3) Ábyrgð rikissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

## 4. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningskilum veðdeildarflokksins.

42

15. jan.

Af bankavaxtabréfunum skal á ári hverju svara í vöxtu 5%, er greiðist tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, með helmingi upphæðar í hvort skipti, gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga, skulu innleystir í Landsbankanum í Reykjavík, og í þeim bönkum erlendis, er bankastjórnin ákveður og auglýsir með 3 mánaða fyrirvara í Lögbirtingablaðinu, í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn og í öðrum samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má að bréfin séu í umferð. Sömuleiðis skulu vaxtamiðarnir gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

## 6. gr.

Veðdeildarflokkurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hann rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfan sig.

## 7. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr  $\frac{3}{5}$  af virðingarverði fasteignarinnar.

Þegar veðdeildarflokkurinn tekur jarðir að veði, skal virða jarðarhúsin sér og jörðina sér í lagi. Öll önnur hús skal einnig virða sérstaklega og þau vátryggð, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni.

Heimilt er Landsbankanum, á kostnað lántakanda, að annast vátryggingu á húsum utan Reykjavíkur, sem veðsett eru veðdeildarflokknun, að svo miklu leyti, sem hús í sveitum eru eigi í innlendri brunaábyrgð, sem bankastjórnin tekur gilda.

## 8. gr.

Eignir þær, er veðdeildarflokkurinn tekur að veði, skulu tveir óvillhallir menn, dómkvaddir eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra, þeir er nauðsynlega þekkingu hafa á slíku, virða á kostnað lánþega. Þó getur stjórn Landsbankans, þegar henni eftir atvikum finnst ástæða til þess, sjálf nefnt til menn þá, er virða skulu. Ennfremur getur hún krafizt þess, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er í hlut á, samþykki virðinguna. Eignirnar skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölum, og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, hvort heldur eru skattar eða afgjöld. Í virðingargerðunum skal eignunum ítarlega og greinilega lýst. Sé það jarðeign, skal tilgreina dýrleika hennar, hve mörg kúgildi henni fylgi, upphæð afgjaldsins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla. Ennfremur skal taka fram allt það, er lýtur að ásigkomulagi jarðarinnar í heild sinni, og rækt-

unarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sé varið og önnur sérstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem hvort hún liggur undir skemmdum af vatnagangi, sjávangangi, skriðum, sandfoki o. fl. Þegar virtar eru húseignir, skal nákvæmlega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi í henni eru, telja til allt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem ofna, járneldstór o. fl., efni það er byggingarnar eru byggðar úr, og að svo miklu leyti sem unnt er gæði þess og ennfremur aldur bygginganna og viðhald. Að lokum skal í virðingargerðinni tekið fram, hve stór lóð sú sé, er húseigninni fylgir, og hvernig ásigkomulag hennar sé.

Hafi eignin gengið kaupum og sölum skal kaupverðs hennar getið.

Lántakandi skal að minnsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skirteini, sem bankastjórnin tekur gilt, fyrir því að veðið hafi ekki rýrnað í verði svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hættu búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda stjórn Landsbankans þetta skirteini, má hún láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fara fram á kostnað lántakanda.

#### 9. gr.

Lántakendur skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarflokks þessa, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjaldþaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar, en til hennar má taka hvenær sem varasjóður flokksins eigi nægir til að standast áfallið tap. Áður en gripið er til rikissjóðsábyrgðarinnar skal jafna niður á alla lántakendur veðdeildarflokksins aukagjaldi til varasjóðs, svo sem þörf er á, allt að 10%, til að bæta skaðann. Niðurfjöfnun á aukagjaldi þessu skal vera í hlutfalli við upphæð lánanna. Eftir ákvörðun stjórnar Landsbankans má skipta greiðslu þessari niður á fleiri en eitt ár.

Verði þörf á að gripa til ábyrgðarinnar til að fullnægja skuldbindingum veðdeildarflokksins, skal endurborga það án vaxta þegar hagar flokksins leyfir það.

#### 10. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán, sem veðdeildarflokkurinn veitir, skal vera 300 krónur, og skulu lán jafnan standa á hundraði króna. Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign, vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

#### 11. gr.

Lán þau, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rétt til að krefjast, að bankastjórnin annist um að koma þeim í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall. Veðdeildarflokkurinn hefir þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir bankavaxtabréfin, eða á von á

- 42 að fá fyrir þau, að frádregnum öllum beinum kostnaði. Semja má um sölu  
15. jan. bankavaxtabréfa flokksins fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherra söluverðið.

## 12. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr veðdeildarflokknum verða þeir að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

- Útvega virðingargerð samkvæmt því, sem segir í 8. gr.
- Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmála-bókunum, um hvort nokkur veðskuld eða önnur eignabönd hvíli á eigninni, og hver þau séu, svo það sjáist, að þau séu eigi því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett veðdeildinni með 1. veðrétti.
- Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sé það eigi unnt, þá vottorð hans um að eignin sé vitanlega eign hans.

## 13. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins. Heimilt er lántakanda að greiða lántökugjaldið í tvennu eða fernu lagi, eftir því, er um semst við bankastjórnina. Sé lán endurborgað að öllu leyti áður en lántökugjaldið er að fullu greitt ber að greiða eftirstöðvar lántökugjaldsins um leið og lánið er endurgreitt.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildarflokknum, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

## 14. gr.

Vilji einhver, sem keypt hefir veð, taka að sér skuld við veðdeildarflokkinn, skal hann þegar í stað leita samþykkis bankastjórnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi eigandi taki lánið að sér, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir Landsbankastjórninni og taka lánið að sér.

## 15. gr.

Lánnum þeim, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, sem hann hefir undirgengið.

En þá er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar láns komnar í gjald-daga undir eins án uppsagnar, ef eigi er fullnægt einhverju atriði lánskil-málanna, t. d.:

- Ef ákvæðisgjöld eru eigi greidd á réttum gjalddaga.
- Ef veðið gengur svo úr sér, að það eigi lengur er svo tryggjandi, sem vera skal.
- Ef skuldunautur heldur eigi váttryggðum húsum, sem að veði eru, eða vanrækir að senda veðdeildinni kvittun hlutaðeigandi váttryggingarfélags fyrir iðgjaldinu í tæka tíð.

- d. Ef á veðið falla eftirstöðvar af sköttum eða gjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka að sér lán.

42  
15. jan.

16. gr.

Skuldunautar veðdeildarflokksins skulu 1.—14. október ár hvert greiða vexti, afborganir og tillög til stjórnarkostnaðar og varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Sérhvert lán, sem veitt er á öðrum tíma árs en nefndum gjalddaga, skal teljast veitt á næst undanförunum gjalddaga, en á næsta gjalddaga á eftir skulu vextir og gjald til stjórnarkostnaðar og varasjóðs þó aðeins takast frá 1. degi þess mánaðar, sem lánið er tekið í, til næsta gjalddaga (1. október).

Tillag til stjórnarkostnaðar og varasjóðs er  $\frac{1}{2}$  af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, vextirnir eru 5 af hundraði á ári af höfuðstól þeim, sem í láni er á hverjum tíma.

17. gr.

Á hinum ákveðna gjalddaga má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir, sem þó standa á hundrað krónum eða endurborga lánið að öllu leyti. Greiðslur þessar má hann lúka með bankavaxtabréfum 11. veðdeildarflokks eftir ákvæðisverði þeirra. Lögmætar skulu greiðslur þessar teljast, séu þær komnar til veðdeildarinnar fyrir 15. október. Á öðrum tímum árs má borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildinni að skaðlausu.

18. gr.

Sérhver skuldunautur, sem eigi hefir innan 1. nóvember borgað árleg gjöld sín, er hann átti að lúka á næst undangengnum gjalddaga, skal í dráttarvexti af nefndum gjöldum greiða 1 af hundraði fyrir hvern mánuð frá 1. október til borgunardags, og skal sá mánuður, sem komið er fram í, teljast sem heill.

19. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabréf þau, er veðdeildarflokkurinn hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með, og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherrann til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsinguna skal birta þrisvar í blöðum þeim og ritum, er 5. gr. ræðir um. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf flokksins í stærri stíl en hér segir.

20. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborg-

15. jan. **42** aðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða neina vexti af höfuðstólnum upp frá því. Útborgun fer fram á þeim stöðum, sem nefndir eru í 5. gr.

21. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarflokksins, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

22. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu og í Ríkistiðindunum í Kaupmannahöfn og í öðrum samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð, sem það er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildarflokki.

Um ógilding annara glataðra bankavaxtabréfa og vaxtamiða fer eftir almennum lögum.

23. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má ekki frammar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar, og skal svo innan loka næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

24. gr.

Hljóti veðdeildarflokkurinn að taka að sér veð, og hafi það eigi selzt inn-  
an árs frá því að hann tók það að sér, skal á fyrsta árlega gjalddaga næsta á eftir draga inn og ónýta jafnmikla upphæð bankavaxtabréfa þeirra, er veðdeildarflokkurinn hefir gefið út. Heimilt er þó að jafna inndrætti þessum á 2 eða 3 ár. Síðan á varasjóðurinn eignina.

25. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga (sbr. 15. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildarflokki út til eignar, ef þörf er á.

Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að hefja mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara. 42  
15. jan.

## 26. gr.

Fé ómyndugra manna, og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildarflokksins, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

## 27. gr.

Sérstakan reikning skal halda yfir 11. flokk bankavaxtabréfanna, enda sé þeim til tryggingar sérstakur varasjóður og skulu í hann renna tekjur veðdeildarflokksins.

## 28. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsett verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóður milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttirar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflazt.

## 29. gr.

Veðdeildin tekur að sér að gefa út bankavaxtabréf 11. flokks.

## 30. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar snerta að engu leyti reglugerðir þær fyrir veðdeild Landsbankans, sem staðfestar voru 15. júní 1900, 21. apríl 1903, 5. júlí 1905, 1. apríl 1906, 20. október 1909, 7. maí 1914, 20. júlí og 15. október 1926, 7. október 1927, 11. október 1928, 2. október 1929 og 28. október 1931, né heldur bankavaxtabréf þau, sem gefin eru út samkvæmt þeim.

Reykjavík, 6. janúar 1936.

## Stjórn Landsbanka Íslands.

*Magnús Sigurðsson.*      *Georg Ólafsson.*

Framanrituð reglugerð staðfestist hér með.

*Fjármálaráðuneytið, 15. janúar 1936.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Einar Bjarnason.*